

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **17-115F020**


Dags: **29. júlí 2017**

Staður: **Yfir atlantshafi**

Atvik: **Slökkt á hreyfli vegna minnkunar á olíumagni og snúið til Íslands**

Eftir um það bil 5 klukkustunda flug G-VYUM (B787) á leið frá Seattle til London varð áhöfnin vör við að olíumagn fór minnkandi á vinstri hreyfli. Drepið var á hreyflinum og neyðarástandi lýst yfir. Ákveðið var að snúa af leið og til landingar á Keflavíkurflugvelli og var það gert án frekari atvika.

Við vettvangsrannsókn kom í ljós að olíuleka var að finna við bót á olíuleiðslu. Við nánari rannsókn kom í ljós að þetta var þekkt vandamál hjá framleiðanda hreyfilsins og var búið að gefa út viðhaldsfyrirmæli sem samþykkt var af EASA og FAA. Það var ekki búið að bregðast við á þessum hreyfli. Í kjölfar atviksins lagði framleiðandi hreyfilsins áherslu á það við flugrekendur að fylgja eftir viðhaldsfyrirmælum.



Nefndin lokaði málinu með bókun þann 20.10.2017.

Uppfært í nóvember 2018: Samkvæmt framleiðanda hreyfils hefur yfir 93% flotans verið lagfærður og ekki hafa fleiri tilfelli komið upp.